

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	EES-ráðið	
	2.	Sameiginlega EES-nefndin	
	3.	Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
	4.	Ráðgjafarnefnd EES	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-rikkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2009/EES/32/01		Ríkisaðstoð ekki veitt í skilningi 61. gr. EES-samningsins (Ísland)	1
2009/EES/32/02		Heimild til að veita ríkisaðstoð samkvæmt ákvæðum 61. gr. EES-samningsins og 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól (Noregur).	2
	3.	EFTA-dómstóllinn	
	III	EB-STOFNANIR	
	1.	Ráðið	
	2.	Framkvæmdastjórnin	
2009/EES/32/03		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5522 – Mitsubishi Corporation/Acciona Energia Internacional/Amper) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð.	3
2009/EES/32/04		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5530 – GlaxoSmithKline/Stiefel Laboratories)	4
2009/EES/32/05		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5547 – Koninklijke Philips Electronics/Saeco International Group)	5
2009/EES/32/06		Ríkisaðstoð – Finnland – Málsnúmer C 12/2009 (áður N 19/2009) – Aðstoð sem kann að hafa verið veitt fyrirtækinu Järvi-Suomen Portti Osuuskunta – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans.	6

2009/EES/32/07	Ríkisaðstoð – Þýskaland og Austurríki – Málsnúmer C 16/09 (áður N 254/09) – BayernLB (Þýskaland) og Hypo Group Alpe Adria (Austurríki) – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans	6
2009/EES/32/08	Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við afgreiðslu tiltekinna tegunda ríkisaðstoðar	7
2009/EES/32/09	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 4. mgr. 16. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í bandalaginu – Almannaþjónustukvaðir í tengslum við áætlunarflug (Þýskaland).	7
2009/EES/32/10	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 5. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í bandalaginu – Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannaþjónustukvaðir (Þýskaland).	8
2009/EES/32/11	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 5. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í bandalaginu – Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannaþjónustukvaðir (Spánn)	8
2009/EES/32/12	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 5. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í bandalaginu – Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannaþjónustukvaðir (Frakkland)	9
2009/EES/32/13	Auglýsing eftir tillögum – DG ENTR nr. ENT/CIP/09/B/N10S00 – Hliðarreikningar fyrir samvinnufélög og gagnkvæm félög	9
2009/EES/32/14	Auglýsing eftir tillögum – EACEA 10/09 – MEDIA – Kynning á evrópsku hljóð- og myndefni og evrópsku fagfólki utan ríkjanna sem eiga aðild að MEDIA-áætluninni	10
2009/EES/32/15	Tilkynning samkvæmt 5. mgr. 95. gr. EB-sáttmálans – Heimild til að bæta við ákvæðum í landsrétti sem ganga lengra en ákvæði í samræmdri EB-gerð	12

3. Dómstóllinn

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

Ríkisaðstoð ekki veitt í skilningi 61. gr. EES-samningsins

2009/EES/32/01

Eftirlitsstofnun EFTA hefur komist að þeirri niðurstöðu að eftirgreind ráðstöfun feli ekki í sér ríkisaðstoð í skilningi 61. gr. EES-samningsins.

Dagsetning ákvörðunar: 17. desember 2008

Málsnúmer: 63616

EFTA-ríki: Ísland

Fyrirsögn (og/eða heiti styrkþega): Þátttaka íslenska ríkisins í hlutfjárukningu í E-Farice ehf. vegna Danice-verkefnisins

Tegund aðstoðar: Hlutfjárukning

Fjárveiting: 183,5 milljónir króna

Atvinnugreinar: Fjarskipti

Heiti og pósthfang stofnunarinnar sem veitir aðstoð:

Fjármálaráðuneytið
Arnarhvoli
IS-150 Reykjavík

Fullgildan texta ákvörðunarinnar, að trúnaðarupplýsingum slepptum, er að finna á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA:

<http://www.eftasurv.int/fieldsofwork/fieldstateaid/stateaidregistry>

Heimild til að veita ríkisaðstoð samkvæmt ákvæðum 61. gr. EES-samningsins og 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókkunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól 2009/EES/32/02

Eftirlitsstofnun EFTA hreyfir ekki andmælum við eftirgreindri ríkisaðstoðarráðstöfun.

Dagsetning ákvörðunar: 17. desember 2008

Málsnúmer: 65614

EFTA-ríki: Noregur

Hérað: Noregur

Fyrirsögn (og/eða heiti styrkþega): Breytingar á rannsókn- og þróunaráætlun er lýtur að gastækni með bættum umhverfiseiginleikum („Gassnova“)

Lagaheimild: Ákvæði 61. gr. EES-samningsins (1. mgr. og stafliðar c) í 3. mgr.)

Markmið: Stuðningur við rannsóknir og þróun á gastækni með bættum umhverfiseiginleikum

Aðstoðarform: Styrkur

Fjárveiting: Hér um bil 80 000 000 norskra króna (um 8 900 000 evra) á ári

Gildistími: Til 30. nóvember 2015

Atvinnugreinar: Vinnsla jarðefnaeldsneytis

Heiti og pósthfang stofnunarinnar sem veitir aðstoð:

Olje- og energidepartementet
Postboks 8148 Dep
N-0033 Oslo
NORWAY

Fullgildan texta ákvörðunarinnar, að trúnaðarupplýsingum slepptum, er að finna á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA:

<http://www.eftasurv.int/fieldsofwork/fieldstateaid/stateaidregistry>

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2009/EES/32/03

(Mál COMP/M.5522 – Mitsubishi Corporation/Acciona Energia Internacional/
Amper)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 18. júní 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem spænska fyrirtækið Acciona Energia Internacional S.A.U. („Acciona“), sem tilheyrir Acciona Group, og japanska fyrirtækið Mitsubishi Corporation („MC“) öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í sameiginlegu fyrirtæki, hinu portúgalska Amper Central Solar, S.A. („Amper“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Acciona: uppbygging og rekstur mannvirkja og fasteigna, samgöngu-, borgar- og umhverfisþjónusta og uppbygging og rekstur orkuvera sem nýta endurnýjanlega orkugjafa
 - MC: viðskipti með fjölmargar vörutegundir, m.a. orku, málma, vélar, íðefni, matvæli og almennar vörur
 - Amper: framleiðsla og heildsala á raforku
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 146, 26. júní 2009). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5522 – Mitsubishi Corporation/Acciona Energia Internacional/Amper, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5530 – GlaxoSmithKline/Stiefel Laboratories)

2009/EES/32/04

1. Framkvæmdastjórninni barst 15. júní 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ og í kjölfar vísunar samkvæmt 5. mgr. 4. gr. sömu reglugerðar um fyrirhugaða samfylkingu þar sem breska fyrirtækið GlaxoSmithKline plc („GSK“) öðlast að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrnefndrar reglugerðar, í bandaríska fyrirtækinu Stiefel Laboratories Inc. með samruna dótturfélags GSK og Stiefel Laboratories.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - GSK: uppgötvun, þróun, framleiðsla og sala á lyfjum og heilsuvörum
 - Stiefel Laboratories: uppgötvun, þróun, framleiðsla og sala á lyfjum, einkum húðlyfjum og húðsnyrtivörum
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 145, 25. júní 2009). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5530 – GlaxoSmithKline/Stiefel Laboratories, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**2009/EES/32/05****(Mál COMP/M.5547 – Koninklijke Philips Electronics/Saeco International Group)**

1. Framkvæmdastjórninni barst 12. júní 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem hollenska fyrirtækið Koninklijke Philips Electronics N.V. („Philips“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í ítalska fyrirtækinu Saeco International Group S.p.A. („SIG“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Philips: rannsóknir, þróun, framleiðsla og sala á margvíslegum rafeindavörum, m.a. rafeindatækjum til almennra nota, heimilistækjum, ljósabúnaði og lækningatækjum
 - SIG: framleiðsla og sala á *espresso*-kaffivélum til almennra nota og atvinnunota og sjálfsölum fyrir matvöru og heita og kalda drykki
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 140, 20. júní 2009). Þær má senda með simbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5547 – Koninklijke Philips Electronics/Saeco International Group, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Ríkisaðstoð – Finnland**2009/EES/32/06****Málsnúmer C 12/2009 (áður N 19/2009) – Aðstoð sem kann að hafa verið veitt fyrir-
tækinu Järvi-Suomen Portti Osuuskunta****Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans**

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans í tengslum við ofangreinda ríkisaðstoð, sjá [Stjtið. ESB C 134, 13.6.2009, bls. 16.](#)

Framkvæmdastjórnin birtir þessa auglýsingu til þess að gefa EES-ríkjunum og öðrum áhugaaðilum færi á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdafrestur er einn mánuður frá því að auglýsingin birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og skal senda athugasemdirnar til:

European Commission
Directorate-General Competition
State aid Greffe
Office: SPA3, 6/5
1049 Bruxelles/Brussel
BELGIQUE/BELGIË

Bréfasími +32-22 96 12 42

Athugasemdunum verður komið á framfæri við stjórnvöld í Finnlandi. Þeim, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska nafnleyndar og skulu slíkar óskir vera skriflegar og rökstuddar.

Ríkisaðstoð – Þýskaland og Austurríki**2009/EES/32/07****Málsnúmer C 16/09 (áður N 254/09) – BayernLB (Þýskaland) og Hypo Group Alpe
Adria (Austurríki)****Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans**

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans í tengslum við ofangreinda ríkisaðstoð, sjá [Stjtið. ESB C 134, 13.6.2009, bls. 31.](#)

Framkvæmdastjórnin birtir þessa auglýsingu til þess að gefa EES-ríkjunum og öðrum áhugaaðilum færi á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdafrestur er einn mánuður frá því að auglýsingin birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og skal senda athugasemdirnar til:

European Commission
Directorate-General for Competition
State aid Greffe
Office: SPA3, 6/5
1049 Bruxelles/Brussel
BELGIQUE/BELGIË

Bréfasími +32-22 96 12 42

Athugasemdunum verður komið á framfæri við stjórnvöld í Þýskalandi og Austurríki. Þeim, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska nafnleyndar og skulu slíkar óskir vera skriflegar og rökstuddar.

**Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við afgreiðslu til-
tekinnna tegunda ríkisaðstoðar** **2009/EES/32/08**

Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna hefur birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* (C 136, 16.6.2009) auglýsingu um einfaldaða málsmeðferð sem framkvæmdastjórnin hyggst beita, í nánú samstarfi við stjórnvöld í hlutaðeigandi aðildarríki, til þess að flýta rannsókn á tilteknum tegundum ríkisaðstoðar sem krefjast þess eingöngu að framkvæmdastjórnin gangi úr skugga um að farið sé að gildandi reglum og venjum, þ.e. engin þörf er á að beita ákvörðunarvaldi. Reynsla framkvæmdastjórnarinnar af beitingu 87. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins, auk reglugerða, regluramma, leiðbeininga og auglýsinga sem gefnar hafa verið út á grundvelli 87. gr., hefur sýnt að vissar tegundir aðstoðar, sem tilkynningar berast um, eru yfirleitt samþykktar án þess að ástæða sé til að efast um að þær samrýmist reglum sameiginlega markaðarins, að því tilskildu að aðstæður séu ekki með sérstökum hætti. Önnur aðstoð, sem tilkynnt er framkvæmdastjórninni, fellur áfram undir viðeigandi málsmeðferð og þá að jafnaði reglur um bestu starfsvenjur á sviði eftirlits með ríkisaðstoð.

Þessi auglýsing er birt til þess að gera grein fyrir skilyrðum sem framkvæmdastjórnin setur að jafnaði fyrir því að gefa út stutta gerð ákvörðunar um að lýsa tilteknar tegundir ríkisaðstoðar samrýmanlegar reglum sameiginlega markaðarins á grundvelli einfaldaðrar málsmeðferðar og til þess að veita leiðbeiningar um málsmeðferðina sjálfa. Þegar fullnægt er öllum skilyrðum, sem sett eru í auglýsingunni, mun framkvæmdastjórnin leitast við af fremsta megni að gefa út stutta gerð ákvörðunar þess efnis að ráðstöfunin, sem tilkynnt hefur verið, teljist ekki ríkisaðstoð eða að andmælum verði ekki hreyft, áður en 20 virkir dagar eru liðnir frá tilkynningardegi, í samræmi við ákvæði 2. eða 3. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 659/1999 frá 22. mars 1999 um ítarlegar reglur um beitingu 93. gr. EB-sáttmálans.

Auglýsingin birtist í heild í *Stjtið. ESB C 136, 16.6.2009*, bls. 3–12.

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 4. mgr. 16. gr. reglugerðar
Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flug-
rekstur í bandalaginu** **2009/EES/32/09**

Almannaþjónustukvaðir í tengslum við áætlunarflug

Aðildarríki	Þýskaland
Flugleið	Hof–Frankfurt
Gildistöku dagur almannaðjónustukvaða	Dagurinn sem auglýsing þessi birtist í <i>Stjórnartíðindum Evrópusambandsins</i> (12.6.2009)
Textinn er afhentur endurgjaldslaust, ásamt hvers kyns viðkomandi upplýsingum og/eða skjölum sem varða almannaðjónustukvaðirnar, eftir beiðni sem senda ber:	Bayerisches Staatsministerium für Wirtschaft, Infrastruktur, Verkehr und Technologie Prinzregentenstraße 28 80538 München DEUTSCHLAND Sími: +49 892162-2392 eða +49 892162-2350 Bréfasími: +49 892162-2588 Netfang: oststelle@stmwivt.bayern.de eða dieter.wedemeyer@stmwivt.bayern.de

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 5. mgr. 17. gr. reglugerðar 2009/EES/32/10
Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flug-
rekstur í bandalaginu**

Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannajónustukvaðir

Aðildarríki	Þýskaland
Flugleið	Hof–Frankfurt
Samningstími	1. apríl 2010–31. mars 2013
Frestur til að skila tilboðum	2 mánuðir frá því að auglýsing þessi birtist í <i>Stjórnartíðindum Evrópusambandsins</i> (12.6.2009)
Texti útboðsauglýsingarinnar er afhentur endurgjalds- laust, ásamt hvers kyns viðkomandi upplýsingum og/eða skjölum sem varða útboðið og almannajónustukvaðirnar, eftir beiðni sem senda ber:	Bayerisches Staatsministerium für Wirtschaft, Infrastruktur, Verkehr und Technologie Prinzregentenstraße 28 80538 München DEUTSCHLAND Sími: +49 892162-2392 eða +49 892162-2350 Bréfasími: +49 892162-2588 Netfang: oststelle@stmwivt.bayern.de eða dieter.wedemeyer@stmwivt.bayern.de

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 5. mgr. 17. gr. reglugerðar 2009/EES/32/11
Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flug-
rekstur í bandalaginu**

Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannajónustukvaðir

Aðildarríki	Spánn
Flugleið	Almería–Sevilla
Samningstími	30.10.2009–29.10.2013
Frestur til að skila tilboðum	4 og hálfur mánuður frá því að auglýsing þessi birtist í <i>Stjórnartíðindum Evrópusambandsins</i> (12.6.2009)
Texti útboðsauglýsingarinnar er afhentur endurgjalds- laust, ásamt hvers kyns viðkomandi upplýsingum og/eða skjölum sem varða útboðið og almannajónustukvaðirnar, eftir beiðni sem senda ber:	Dirección General de Aviación Civil Subdirección General de Transporte Aéreo Area de Explotación Sími: +34 915977505 Bréfasími: +34 915978643 Netfang: mmederos@fomento.es

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 5. mgr. 17. gr. reglugerðar 2009/EES/32/12
Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flug-
rekstur í bandalaginu**

Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannajónustukvaðir

Aðildarríki	Frakkland
Flugleið	Brive–Paris (Orly)
Samningstími	5. janúar 2010–4. janúar 2014
Frestur til að skila tilboðum	Fyrsti áfangi: 14. ágúst 2009 (12.00 að staðartíma). Annar áfangi: 22. september 2009 (12.00 að staðartíma).
Texti útboðsauglýsingarinnar er afhentur endurgjalds- laust, ásamt hvers kyns viðkomandi upplýsingum og/eða skjölum sem varða útboðið og almannajónustukvaðirnar, eftir beiðni sem senda ber:	Syndicat mixte pour la création et l'aménagement de l'aérodrome de Brive-Souillac Mairie de Brive-la-Gaillarde B.P. 80433 19312 Brive-la-Gaillarde Cedex FRANCE Sími: +33 555923939 Bréfasími: +33 555181699 Netfang: aerportbrivesouillac@orange.fr

Auglýsing eftir tillögum – DG ENTR nr. ENT/CIP/09/B/N10S00

2009/EES/32/13

Hliðarreikningar fyrir samvinnufélög og gagnkvæm félög

1. Markmið og lýsing

Auglýst er eftir tillögum í því skyni að stuðla að uppbyggingu áreiðanlegra hagskýrslna um samvinnufélög og gagnkvæm félög í einstökum ríkjum og á Evrópuvettvangi. Þessu markmiði verður náð með því að koma upp nýjum hliðarreikningum, uppfæra, bæta og/eða aðlaga eldri hliðarreikninga og stuðla að milliríkjasamvinnu og skiptum á upplýsingum um reynslu og góð vinnubrögð (sameiginleg verkefni, dreifing niðurstaðna: rit, málþing).

2. Hlutgengir umsækjendur

Tekið verður við umsóknum frá hagstofum og stofnunum sem hafa með höndum reikningsskil í einstökum ríkjum og landssamtökum samvinnufélaga og/eða gagnkvæmra félaga, auk mennta- og rannsóknastofnana, eða sjálfseignarfélögum eða einkafyrirtækjum, sem sinna samantekt hagtalna. Sérhvert verkefni verður að byggjast á þátttöku hagstofu eða stofnunar sem hefur með höndum reikningsskil í hverju ríki, annaðhvort sem eina umsækjanda eða sem samræmingarstöðvar annarra þátttakenda eða aðila að umsókn á vegum annarrar stofnunar.

Umsækjendur verða að koma frá einu eftirtalinna ríkja:

- einu aðildarríkja Evrópusambandsins,
- einu EES-ríkjanna: Noregi, Íslandi eða Liechtenstein,
- einu ríkjanna sem biða aðildar eða hafa sótt um aðild eða einu ríkjanna sem eiga aðild að rammaáætlun um samkeppnishæfni og nýsköpun: Albaníu, Króatíu, Makedóníu (fyrirverandi lýðveldi í Júgóslavíu), Ísrael, Svartfjallalandi, Serbíu og Tyrklandi.

3. Fjárveiting og lengd verkefna

Áætluð heildarfjárveiting vegna sameiginlegrar fjármögnunar verkefna er EUR 200 000. Styrkir framkvæmdastjórnarinnar geta ekki orðið hærri en sem nemur 95 % af styrkhæfum kostnaði. Hámarksstyrkur er EUR 66 500.

Starfsemin verður að hefjast í janúar 2010. Starfseminni skal vera lokið 31. desember 2010. Hvert verkefni skal ekki standa lengur en 12 mánuði.

4. Umsóknarfrestur

Umsóknir skulu sendar framkvæmdastjórninni eigi síðar en 4. september 2009.

5. Nánari upplýsingar

Heildartexti þessarar auglýsingar er birtur, ásamt umsóknareyðublöðum, á eftirfarandi slóð:

<http://ec.europa.eu/enterprise/newsroom/cf/newsbytheme.cfm?displayType=fo&fosubType=p&lang=en>

Fullnægja ber öllum skilyrðum í heildartexta auglýsingarinnar og skila umsóknum á til þess gerðu eyðublaði.

Auglýsing eftir tillögum – EACEA 10/09

2009/EES/32/14

MEDIA – Kynning á evrópsku hljóð- og myndefni og evrópsku fagfólki utan ríkjanna sem eiga aðild að MEDIA-áætluninni

1. Markmið og lýsing

Auglýst er eftir tillögum á grundvelli ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1718/2006/EB frá 15. nóvember 2006 um framkvæmd áætlunar um stuðning við hljóð- og myndefnisframleiðslu í Evrópu (MEDIA 2007).

Í ofangreindri ákvörðun ráðsins eru m.a. sett eftirtalin markmið:

- „Að greiða fyrir og hvetja til kynningarstarfs og útbreiðslu evrópskra hljóð- og myndmiðlaverka og kvikmyndaverka á sölusýningum, kaupstefnum og hljóð- og myndmiðlunarhátíðum í Evrópu og um heim allan, að því marki sem slíkir viðburðir geta gegnt mikilvægu hlutverki í kynningu evrópskra verka og tengslamyndun milli fagfólks“
- „Að hvetja til tengslamyndunar milli evrópskra rekstraraðila með því að styðja sameiginlegar aðgerðir innlendra, opinberra eða óháðra aðila, sem vinna á sviði kynninga, á evrópskum og alþjóðlegum mörkuðum“
- Að stuðla að dreifingu kvikmynda, sem eru framleiddar á vegum tveggja eða fleiri Evrópulanda, á Evrópu- og alþjóðamarkaði með ráðstöfunum sem hvetja til dreifingar og sýningar í kvikmyndahúsum, einkum með því að ýta undir samræmingu markaðsstarfs.

2. Hlutgengi

Auglýsingu þessari er beint til fyrirtækja í Evrópu sem stuðla með starfsemi sinni að markmiðum MEDIA-áætlunarinnar eins og þeim er lýst í ofangreindri ákvörðun ráðsins.

Umsækjendur verða að vera skráðir í einu eftirtalinna ríkja:

- Einu hinna 27 aðildarríkja Evrópusambandsins,
- einu EFTA- og EES-ríkjanna: Íslandi, Liechtenstein, Noregi eða Sviss, svo og Króatíu.

3. Styrkhæf starfsemi

Auglýst er eftir tillögum með það að markmiði að veita styrki til aðgerða og starfsemi sem á sér stað utan aðildarríkja MEDIA-áætlunarinnar.

Markmiðið er að styrkja aðgerðir sem miðast að því

- að auðvelda evrópsku fagfólki aðgang að mörkuðum/viðburðum utan MEDIA-landanna,
- að stuðla að dreifingu hljóð- og myndefnis og/eða kvikmyndaverka utan MEDIA-landanna.

Verkefni skulu standa um að minnsta kosti 24 mánaða skeið.

Starfsemin verður að hefjast á tímanum 1. janúar 2010 til 30. september 2010. Starfseminni skal vera lokið 31. desember 2011.

4. Viðmið við úthlutun

Umsækjendur og verkefni, sem teljast styrkhæf, verða metin til allt að 100 stiga á grundvelli eftirtalinna viðmiða:

Evrópuþáttur starfseminnar	25 stig
Áhrif á kynningu og dreifingu evrópsks hljóð- og myndefnis	30 stig
Vöndun og hagkvæmni framlagðrar starfsáætlunar	25 stig
Hversu vandað er til sýninga/viðburða í tengslum við starfsemina	10 stig
Kynning á hljóð- og myndefni frá Evrópulöndum þar sem lítil framleiðsla er á slíku efni	10 stig

5. Fjárveiting

Áætluð heildarfjárveiting vegna samfjármögnunar verkefna er 400 000 evra.

Styrkir framkvæmdastjórnarinnar geta ekki orðið hærri en sem nemur 50 % af heildarkostnaði við starfsemina.

Framkvæmdastofnunin áskilur sér rétt til að úthluta ekki öllu því fé sem er til ráðstöfunar.

6. Umsóknarfrestur

Umsóknarfrestur er til 12. ágúst 2009. Umsóknir skulu sendar á neðangreint pósthfang:

Education, Audiovisual and Culture Executive Agency
 Call for Proposals EACEA/09/09
 FAO: Mr Costas DASKALAKIS
 BOUR 03/30
 Avenue du Bourget 1
 1040 Bruxelles/Brussel
 BELGIQUE/BELGIË

Umsóknir verða teknar til greina því aðeins að þær berist á réttu umsóknareyðublaði, rétt útfylltu og dagsettu, og beri undirskrift fulltrúa umsækjanda sem hefur umboð til lagalegra skuldbindinga fyrir hönd hans.

Umsóknir, sem berast í símbrefi eða rafpósti, verða ekki teknar til greina.

7. Nánari upplýsingar

Leiðbeiningar um hvernig standa beri að umsóknum eru birtar, ásamt umsóknareyðublaðum, á eftirfarandi slóð:

<http://eacea.ec.europa.eu>

Umsóknum verður að skila á umsóknareyðublaðinu sem sýnt er og þeim verða að fylgja öll fylgiskjöl og allar upplýsingar sem tilgreindar eru.

Tilkynning samkvæmt 5. mgr. 95. gr. EB-sáttmálans

2009/EES/32/15

Heimild til að bæta við ákvæðum í landsrétti sem ganga lengra en ákvæði í samræmdri EB-gerð

Stjórnvöld í Portúgal tilkynntu framkvæmdastjórninni með bréfi dagsettu 5. maí 2009 að þau hygðust skilgreina sjálfstjórnarhéraðið Madeira sem svæði þar sem ekki eru ræktaðar erfðabreyttar lífverur.

Framkvæmdastjórnin mun fara yfir þessa tilkynningu í samræmi við ákvæði 5. og 6. mgr. 95. gr. EB-sáttmálans.

Þeir, sem vilja gera athugasemdir við þessa tilkynningu, skulu senda þær framkvæmdastjórninni áður en **30 dagar** eru liðnir frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjtið. ESB (19.6.2006).

Tilkynningin birtist í heild í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* C 139, 19.6.2009, bls. 2.